


Fjallskilaseðill

Landbrots- og

Miðafréttar 2023



Helgadalsháls

FJALLSKILASEÐILL 2023

Fjallskil 2023:

Fjallskilanefnd fyrir Landbrots- og Miðafrétti gjörir kunnugt að fjallskil á nefndu svæði skuli fara fram haustið 2023, eins og hér segir:

Þriðjudaginn 5. september skal farið í 1. safn. *Við smölun afréttanna skal hafa eins gott samsafn og kostur er.*

Réttardagur verður að forfallalausu laugardaginn 9. september og réttarstörf hefjast kl. 9:00.

Fjallkóngar verða þeir Sigurjón Fannar Ragnarsson, Þykkvabæ III, á Landbrotsafrétti og Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri II, á Miðafrétti.

Skyldir eru safnsmenn að hlýða án tafar öllum forsvaranlegum fyrirmælum fjallkóniga.

Réttarstjórar verða þeir Sverrir Gíslason og Sigurjón Fannar Ragnarsson.

Þar sem stefnt er að smölun í 2. safni taki aðeins 2 daga er fjallkóngum falið að hafa samráð, meta veðurútlit og ákveða smaladaga, en miðað er við að þeir verði ekki seinna en helgina 23. – 24. september ef því er við komið. Einnig er þeim falið að ákveða hvenær farið verður í 3. safn.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2023 er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélagið greiði fyrir akstur og mun því mögulegur kostnaður vegna aksturs koma til niðurjöfnunar á fjáreigendur og lögbýli.

Það verður ekki skipulagður fjárflutningur milli Fossréttar og Skaftárréttar á vegum Fjallskilanefnda. Fjáreigendur á Út-Síðu og Landbroti verða sjálfir að sækja fé sitt í Fossrétt úr öllum lögsöfnum og utan þeirra.

Daggjald á afrétti hefur verið ákveðið kr. 18.888 á öllum afréttarsvæðum sveitarfélagsins haustið 2023. Smalar greiða fyrir sinn fæðiskostnað. Reikningum vegna fjallskila skal skila til formanns fjallskilanefndar eigi síðar en 1. nóvember.

Fjallskilanefndin vill koma því á framfæri til landeigenda að þeir brýni fyrir smöllum sínum, hvort sem þeir eru á hestum, hjólum eða bílum að ganga vel um landið og fara ekki yfir viðkvæm svæði þannig að á sjái. Það sama á við um þá sem koma á móti safninu.

Landeigendur sem ekki eiga tök á að útvega smala í álögð söfn skulu láta viðkomandi fjallkóniga vita í allra síðasta lagi miðvikudaginn 30. ágúst nk.

Fjallskilanefnd og fjallkóngar veita nánari upplýsingar um fjallskilin ef óskað er.

Smölun heimalanda:

Vakin skal athygli á 24. grein Fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu en þar segir:

„Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en 20. október ár hvert og það eins þótt landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur sveitarstjórn látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákvæðum 21. gr.”

Þeir sem ekki hafa tök á að sjá um smölun á sínu heimalandi skv. 24. grein Fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu skulu snúa sér til sveitarstjóra Skaftárhrepps eða fjallskilanefndar.

Landbótaáætlun 2015-2024:

Samkomulag um landbótaáætlun fyrir Síðumannafrétt var endurnýjað í árslok 2014 og gildir frá 2015 til 2024. Samkvæmt landnýtingaáætluninni skal svæði nyrst á afréttinum haldið fjárlausu.

Vitnað orðrétt í landbóta- og landnýtingaáætlun:

„Svæði friðuð fyrir sauðfjárbeit: Mestu rof- og sandsvæði á afréttinum eru nyrst á honum og liggja að Skaftá og Vatnajökli. Svæði sem haldið verður fjárlausu afmarkast af Skaftá og Vatnajökli að norðan. Frá Vatnajökli afmarkast umrætt svæði af markalínu friðlands í Lakagígum að Blæng. Þaðan liggur lína sem afmarkar svæðið við hraunbrúnina norðan við Blæng og Varmárfell, vestur að skeri sem er austan við Hnútu og þaðan að Skaftá á móts við Uxatinda, samanber mynd 1 á fylgiskjali 1.

Fé sem gengur á svæðunum sem friðuð skulu fyrir beit verði fargað eða haldið heima. Einnig er miðað við að setja ekki á gimbrar undan ám sem ganga á þessum svæðum. Skráð verður á hverju ári fjöldi fjár innan svæðisins, númer áa og nafn eigenda. Með því að halda þessum sandsvæðum fjárlausum minnkar verulega sá hluti af beitilandi afréttarins sem talin er til auðna, með miklu og mjög miklu jarðvegsrofi. Ábyrgðaraðilar með skráningu þessari og eftirfylgni með henni eru fjallkóngar afréttarins og formenn fjallskilanefndar.”

Er fjallkóngum í samvinnu við aðra fjallmenn falið að fylgja þessari samþykkt eftir og afhenda skrá yfir það fé sem fangað er á ofangreindu svæði formanni fjallskilanefndar.

Afréttur árið 2024

Fjallskilanefnd hefur ákveðið að stefnt skuli að því að farið verði í I. safn 2024 briðjudaginn 3. september og að öllu forfallalausu yrði þá réttað laugardaginn 7. september.

Fanney Ólöf Lárusdóttir, formaður
Hörður Eyþórsson
Bjarni Bjarnason

LANDBROTSAFRÉTTUR

FJALLSKIL HAUSTIÐ 2023

HEIMILISFANG	1. SAFN 4 dagar	2. SAFN 2 dagar	3. SAFN 1 dagur	ÁLAGNING: 38.248 kr/býli + 679 kr/kind	GREIÐSLUR FYRIR UNNIN SÖFN 18.888 kr/dag	MISMUNUR + KR = INNEIGN - KR = SKULD
ARNARDRANGUR	1			38.248	75.552	37.304
FOSSAR	2	1	1	201.878	207.768	5.890
YTRA-HRAUN	1			38.248	75.552	37.304
EYSTRA-HRAUN	0,5			38.248	37.776	-472
SEGLBÚÐIR	1			38.248	75.552	37.304
ÞYKKVIBÆR I	0,5			38.248	37.776	-472
ÞYKKVIBÆR II	1			38.248	75.552	37.304
ÞYKKVIBÆR III	2	2	2	384.519	264.432	-120.087
HRAUNKOT	1	2	1	188.978	169.992	-18.986
FAGURHLÍÐ	1			38.248	75.552	37.304
SÓLHEIMAR		1		38.248	37.776	-472
EYSTRI-DALBÆR	1			38.248	75.552	37.304
SYÐRI-VÍK	1			38.248	75.552	37.304
EFRI-VÍK		1		38.248	37.776	-472
HÓLMUR		1		38.248	37.776	-472
SKAFTÁRDALUR I	1			38.248	75.552	37.304
SKAFTÁRDALUR II		1		38.248	37.776	-472
SKAFTÁRDALUR III	1			38.248	75.552	37.304
HEIÐARSEL		1		38.248	37.776	-472
HEIÐI	1			38.248	75.552	37.304
TUNGA		1		38.248	37.776	-472
SKÁL	1			38.248	75.552	37.304
SAMTALS	17	11	4	1.502.091	1.775.472	273.381

MIÐAFRÉTTUR

FJALLSKIL HAUSTIÐ 2023

HEIMILISFANG	1. SAFN 4 dagar	2. SAFN 2 dagar	3. SAFN 1 dagur	ÁLAGNING: 38.248 kr/býli + 679 kr/kind	GREIÐSLUR FYRIR UNNIN SÖFN 18.888 kr/dag	MISMUNUR + KR = INNEIGN - KR = SKULD
GEIRLAND				38.248	0	-38.248
MÖRK	2	2	2	414.393	264.432	-149.961
KIRKJUBÆR II	1			38.248	75.552	37.304
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR II	2	2	1	332.239	245.544	-86.695
HUNKUBAKKAR BKH	1	1		230.281	113.328	-116.953
HUNKUBAKKAR PHH	1			106.710	75.552	-31.158
ÁSGARDUR	2	2	1	244.653	245.544	891
HOLT		1		38.248	37.776	-472
NÝIBÆR	1			38.248	75.552	37.304
HÆÐARGARÐUR	1			38.248	75.552	37.304
HÁTÚN	1			38.248	75.552	37.304
SAMTALS	12	8	4	1.557.765	1.284.384	-273.381

Álagning vegna fjallskila samtals kr.	3.059.856	3.059.856	0
---------------------------------------	-----------	-----------	---